



## Stjórn SSH 398. fundur

**Mánudaginn 6. janúar 2014** kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Jón Gnarr, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Guðný Ívarsdóttir og Ómar Stefánsson.

Forföll: Ármann Kr. Ólafsson

Ennfremur: S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – nýr samstarfssamningur

Í upphafi fundar undirrituðu stjórnarmenn nýjan samstarfssamning um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins að viðstöddum fulltrúum úr stjórn skíðasvæðanna, framkvæmdastjóra skíðasvæðanna og forstöðumanni ÍTR.

Jafnframt undirrituðu Gunnar Einarsson stjórnarformaður SSH og Ómar Einarsson forstöðumaður ÍTR þjónustusamning vegna skíðasvæðanna í samræmi við ákvæði í samstarfssamningnum.

### 2. Málefni Strætó bs – rekstraráætlun 2014, gjaldskrármál og akstur á sunnudögum.

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Einar Örn Benediktsson stjórnarformaður Strætó bs., Reynir Jónsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri.

Fulltrúar Strætó gerður grein fyrir endurmati á rekstraráætlun Strætó bs. í ljósi niðurstöðu fjárlaga um framlags ríkisins til almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2014, og mati á áhrifum á frestun á gjaldskrárhækkun. Fram kom að þeir telja að byggðasamlagið geti staðið við sett rekstrarmarkmið þrátt fyrir lækkað ríkisframlag og óbreytta gjaldskrá, en til þess þurfi að ganga á hluta af handbæru fé sem ætlað hefur verið til endurnýjunar á vagnakosti. Sömuleiðis liggur fyrir að fjárþörf vegna sunnudagaaksturs verður minni en áður var reiknað með, þar sem ákvörðun um þá þjónustu hefur frestast, og hún verður ekki veitt nema hluta ársins héðan af.

#### Niðurstaða:

Stjórn SSH gerir ekki athugasemd við að sunnudagaakstur verði undirbúinn og hefjist síðar á árinu, en setur fyrirvara á þessu stigi um aukin framlög eigenda vegna þess verkefnis. Þessi þáttur, ásamt þörf fyrir gjaldskrárhækkun síðar á árinu verði skoðuð um mitt ár.

### 3. Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu – staða máls og næstu skref.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

GE fór yfir þá stöðu sem uppi er í viðræðum milli SHS og ríkisins um efndir á samningi frá því í febrúar á liðnu ári, og mat sitt á framhaldi og horfum.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða:

## Ályktun stjórnar SSH vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) skorar á ríkisstjórn Íslands að efna samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um sjúkraflutninga á svæðinu sem gerður var í febrúar 2013 en hefur ekki verið undirritaður. Eldri samningur rann út í árslok 2011.

### Skýlaus krafa um samningsefndir

Í febrúar 2013 undirrituðu samninganefndir ríkisins og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins samkomulagsgrundvöll sem nýr samningur var byggður á. Sá samningur hefur hvorki verið undirritaður né hefur ríkið greitt fyrir þjónustuna í samræmi við kostnaðarmat sem honum lá til grundvallar. Á meðan svo er niðurgreiða sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sjúkraflutninga. Sjúkraflutningar eru á verksviði ríkisins samkvæmt lögum.

Sjái ríkisstjórnin sér ekki fært að efna samninginn er ófrávíkjanleg krafa að þeir reikningar sem Slökkviliðið hefur sent vegna veittrar þjónustu verði greiddir. Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hlýtur að áskilja sér allan rétt til að innheimta útistandandi fjárhæðir verði ekki samið um annað. Stjórn SSH mun styðja þær aðgerðir. Að auki er þá brýnt að hefja viðræður um verklokaáætlun til að losa Slökkviliðið undan því að annast sjúkraflutninga, sé ekki vilji til að semja um þá af hálfu ríkisins á grundvelli fyrirliggjandi samkomulags.

### Augljós hagkvæmni af samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga

Stjórn SSH áréttar þá skoðun sína að aðskilnaður sjúkraflutninga og slökkvistarfs sé óskynsamlegur kostur, hvort sem horft er til fjárhagslegra eða faglegra þátta, sem hlýtur þó að verða niðurstaðan ef svo fer fram sem horfir. Ítrekað hefur verið sýnt fram á hagræði af samrekstri þessara þjónustubátta og hefur þjónusta Slökkviliðsins jafnframt komið vel út í úttektum óháðra aðila. Rétt er að benda á að sjúkraflutningum hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árum með tilheyrandi auknum kostnaði og er fyrirsjáanlegt að sú þróun haldi áfram vegna fjölgunar íbúa í elstu aldurshópnum. Það er því hagsmunamál skattgreiðenda að farin sé hagkvæmasta leiðin við að veita þjónustuna.

### Sveitarfélögin hafna áframhaldandi niðurgreiðslu á verkefni ríkisins

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vilja ekki halda áfram að niðurgreiða sjúkraflutninga fyrir ríkið. Virkja verður gerðan samning nú þegar og koma þannig í veg fyrir að afstaða ríkisins stefni öryggi íbúa svæðisins í hættu og laski það góða og faglega starf sem byggt hefur verið upp á sviði sjúkraflutninga hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.“

Framkvæmdastjóra falið að koma ofangreindri ályktun til fjölmiðla, ráðherra og þingmanna.

#### 4. Aukin rekstrarsamvinna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir lá samþykkt bæjarráðs Kópavogs frá 28. nóvember sl., svohljóðandi:

*„Bæjarráð Kópavogs óskar eftir því að stjórn SSH láti skoða stórfellda aukningu sameiginlegra verkefna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*

*Greinargerð*

*Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa góða reynslu af sameiginlegum rekstri á borð við Sorpu og Strætó. Sóknarferi eru víða og er SSH kjörinn vettvangur til að kortleggja af fullri alvöru stórfellda aukningu á samstarfi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hafa vart sýnileg bæjarmörk.*

*Leiðarljósið skal vera betri nýting almannaþjóf.*“

Jafnframt lá fyrir minnisblað framkvæmdastjóra vegna málsins.

Niðurstaða:

Stjórn SSH tekur jákvætt í hugmyndir um aukið samstarf sveitarfélaganna sem leitt geta af sér aukið hagræði og betri nýtingu almannaþjóf, enda hefur drjúgur hluti af starfi samtakanna sl 3 ár falið í sér vinnu við slík verkefni.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir þau verkefni sem unnin hafa verið á vegum framtíðarhóps SSH, eftir Hugmyndasmiðju SSH og í tengslum við sóknaráætlun fram til þessa og meta innihald þeirra og árangur í ljósi framangreindrar tillögu.

#### **5. Starfsáætlun SSH 2014**

Framkvæmdastjóri lagði fram stiklublað vegna undirbúnings að gerð starfsáætlunar SSH fyrir árið 2014

Málið verður til frekari umfjöllunar á næsta stjórnarfundum

#### **6. Rammasamningur sveitarfélaganna um sameiginlega bakvakt barnaverndar.**

Stjórnarmenn undirrituðu rammamning vegna sameiginlegrar bakvaktar barnaverndar á höfuðborgarsvæðinu sem byggður er á tillögu sérstaks verkefnahóps í kjölfar Hugmyndasmiðju SSH frá 2011.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50